

## SAMÞYKKT

### um fráveitur í Hrunamannahreppi.

#### I. KAFLI

##### Almennt.

##### 1. gr.

Samþykkt þessi nær til allra fasteigna íbúðarhúsnæðis, sumarbústaða, stofnana og atvinnu-starfsemi. Samþykktin nær til fráveitna, þar með talið allra mannvirkja sem reist eru til meðhöndlunar eða flutnings á frárennsli, s.s. rotþróa, set- og sandskilja, fellitanka og olíu- og fitugildra. Jafnframt skulu uppfyllt ákvæði reglugerða nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru, reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerðar nr. 533/2001 um breytingar á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

Samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir hefur heilbrigðisnefnd Suðurlands eftirlit með framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt.

Sveitarstjórn heldur skrá yfir rotþrær og settanka og færir staðsetningu þeirra á skipulagsgögn sveitarfélagsins. Þeir aðilar sem sjá um hirðu og meðhöndlun seyru skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Jafnframt skal losunar- og hreinsitækni vera í samræmi við reglur heilbrigðisnefndar.

#### II. KAFLI

##### Fráveitur.

##### 2. gr.

Sveitarfélag ber ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Sveitarstjóri fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitna sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar. Hrunamannahreppur starfrækir fráveitu á Flúðum. Sveitarsjóður kostar rekstur fráveitna og framkvæmdir við þær. Sveitarstjórn sér um lagningu og viðhald allra fráveitulagna, þ.e. stofnlagna, safnkerfa og fráveitutenginga, ákveður framkvæmdir við fráveitur og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs til reksturs og framkvæmda við þær. Hrunamannahreppur getur tekið að sér fráveitur á öðrum svæðum í sveitarfélaginu í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Sveitarstjórn eða félagi í eigu sveitarfélaga er heimilt að gera þjónustusamninga við einkaaðila um rekstur fráveitu sveitarfélagsins, að hluta til eða öllu leyti. Sveitarstjórn er heimilt að fela stofnun eða félagi sem er að meiri hluta í eigu sveitarfélaga skyldur sínar og réttindi hvað varðar uppbyggingu, rekstur og eignarhald fráveitna samkvæmt 6. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

##### 3. gr.

Fráveiturnar veita frárennsli sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum fráveitulögnum.

Sveitarsjóður er eigandi fráveitna sveitarfélagsins að heimæðum húseigna. Óheimilt er að leggja fráveitulögn í aðalfráveitu nema með leyfi sveitarstjórnar og er mönnum skylt að lúta í einu og öllu fyrirmælum um gerð og legu fráveitna. Allar lagnir svo og frágangur skulu vera í samræmi við gildandi staðla á hverjum tíma.

##### 4. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir tengingu frá fráveitukerfi að heimæð húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigreini á holræsalögn.

Framkvæmdasvið sveitarfélagsins, undir yfirstjórn sveitarstjórnar, eða sá aðili sem falin hefur verið framkvæmd og rekstur fráveitna, ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

Heimilt er sveitarstjóra að fela sérstökum umsjónarmanni yfirstjórn fráveitukerfisins.

#### 5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að annast, á sinn kostnað, lagningu og viðhald heimæða fyrir frárennsli að tengingu við fráveitukerfi. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ og reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

#### 6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á frárennsli húseignar að fráveitu sveitarfélagsins skal húseigandi leiða frárennsli frá húseigninni að rotþró eða safnbrunni þannig staðsettum að hægt sé að veita frárennsli frá honum í fráveitu sveitarfélagsins. Hafí fráveita ekki verið komin þegar húseign var byggð skal húseigandi kosta og tengja fráveitu húseignar sinnar við fráveitu sveitarfélagsins eftir að hún hefur verið lögð.

### III. KAFLI

#### **Uppsetning og framkvæmd fráveitna og rotþróa.**

#### 7. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða frárennsli húsa um hreinsivirki. Kerfisbundin söfnun og sameiginlegt hreinsivirki skal þó vera á svæðum sem falla undir 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Ennfremur skal sveitarstjórn setja ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki inn í deiliskipulag þar sem það á við. Húseigandi kostar niðurstætur og annan frágang hreinsivirkis, svo sem rotþróa og lagna svo og viðhald þeirra en sveitarstjórn getur sett sérstakar reglur um stuðning við framkvæmdirnar. Rotþró og önnur hreinsivirki skulu samþykkt af byggingarfulltrúa. Gerð og hönnunarforsendur rotþróar og annarra stakra hreinsivirkja er háð samþykki heilbrigðisnefndar og skulu vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Hverja rotþró og önnur hreinsivirki skal hreinsa og tæma eftir þörfum samkvæmt nánari ákvæðum samþykktar þessarar. Losun fer fram á vegum Hrunamannahrepps og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum aðilum meðhöndlun seyru og framkvæmd losunar. Meðhöndlun seyru er háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Farga skal seyru á viðurkenndum förgunarstað. Ef nýta á seyru þarf samþykki heilbrigðisnefndar Suðurlands hverju sinni.

#### 8. gr.

Þegar tengja skal heimæð húseigna við fráveitu sveitarfélagsins eða veita frárennsli frá þeim um hreinsivirki, svo sem rotþró með siturlögn, skal sækja um það til byggingarfulltrúa sveitarfélagsins á þar til gerðum eyðublöðum. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra. Sé þörf á er sveitarstjórn heimilt að óska eftir teikningum af fráveitulögnum húsa og lóða og fráveitum frá húseignum sem tengja á fráveitu sveitarfélagsins, ásamt teikningum sem sýna gerð hreinsivirkis, stærð og staðsetningu þess og losun í viðtaka auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða. Hreinsivirki skal valinn þannig staður að auðvelt sé að komast að því með tæki til hreinsunar.

#### 9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

## 10. gr.

Byggingareftirlit sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal einnig taka út og viðurkenna fráveitu frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða hreinsivirki, svo sem rotþrær með siturlögn.

## 11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Hrunamannahreppi er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

## 12. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns olíur, bensín, lífræn leysiefni, önnur spilliefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins eða skaðað viðtaka.

Eigendum húseigna sem skylt er að hafa fitu- eða olíugildru á fráveitu bera ábyrgð á að slíkum búnaði sé komið fyrir. Olíugildru skal a.m.k. setja við bifreiðaverkstæði og aðra sambærilega mengandi starfsemi. Fitugildir skulu vera á fráveitum stóreldhúsa.

Um mengunarvarnir fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, svo og starfsleyfum.

## 13. gr.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um fráæsislagnir frá húsum vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum við gölfniðurföll.

## IV. KAFLI

**Gjaldtaka.**

## 14. gr.

Sveitarfélagið skal innheimta gjald fyrir tengingu við fráveitukerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal miðað við gerð, stærð og lengd tenginga. Heimilt er sveitarfélaginu að innheimta með tengigjaldi hlutdeild í stofnkostnaði við aðliggjandi fráveitukerfi, þó ekki kostnaði vegna stofnlagna nema þær gegni jafnframt hlutverki safnkerfa. Gjaldið og gjalddagi þess skal ákveðið í gjaldskrá samkvæmt 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna sem sveitarstjórn setur og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 15. gr.

Af þeim fasteignum í Hrunamannahreppi sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengdar eru eða munu tengjast fráveitu sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til þess að standa stráum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins. Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

Þar sem frárennsli er veitt frá atvinnustarfsemi eða vegna annars en venjulegra heimilisnota í fráveitukerfi sveitarfélagsins er heimilt að innheimta gjald vegna losunar miðað við innrennsli vatns samkvæmt mæli. Sé vatn notað til framleiðslu þannig að því sé ekki veitt í fráveitukerfi skal notandi mæla notkun þess. Sú notkun skal dregin frá innmældu magni við útreikning á gjaldi. Verði mælingu ekki við komið skulu aðilar meta vatnsnotkun til frádráttar á innmældu vatnsmagni.

## 16. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið og gjalddagi þess skal ákveðið með gjaldskrá samkvæmt 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna

sem sveitarstjórn setur og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Fráveitugjaldi og tengigjaldi ásamt innheimtukostnaði og vöxtum fylgir lögveðsréttur í fasteigninni í tvö ár frá gjalddaga. Lögveð þetta gengur fyrir eldri sem yngri samnings- og aðfararveðum og yngri lögveðum. Ef hús brennur eftir að fráveitugjald eða heimæðargjald gjaldfellur er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar.

#### 17. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 4. mgr. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna til að lækka eða fella niður gjöld samkvæmt þessum lögum hjá tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum samkvæmt reglum sem sveitarstjórn setur.

#### 18. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró, annarra stakra hreinsivirkja og förgun seyru skal húseigandi greiða rotþróargjald sem standa skal undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið í gjaldskrá í samræmi við 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, sbr. og ákvæði 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Sveitarstjórn setur og lætur birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rotþróargjald skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarsjóðs Hrunamannahrepps. Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenju mikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu, svo sem vegna barkalengdar, endurkomu o.s.frv., eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

### V. KAFLI

#### Losun seyru og setefna.

#### 19. gr.

Losun seyru og setefna skal að öllu jöfnu framkvæmd annað hvert ár við skóla, heilbrigðisstofnanir, matvælaframleiðslustaði, veitinga- og gistipjónustu og þriðja hvert ár við heimili og sumarhús. Fulltrúi sveitarfélagsins hefur yfirstjórn með verkinu og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast verkefnið á hverjum tíma, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

#### 20. gr.

Hrunamannahreppur sendir út tilkynningu árlega um hvenær seyrulosun fari fram. Sérhverjum húsráðanda er skylt að sjá til þess að aðgengi fyrir losunaraðila sé gott að hreinsivirkjum, þar með talið rotþróum og settönkum. Heimil er notkun viðurkenndra gerla og ensíma til að auka virkni hreinsivirkja.

### VI. KAFLI

#### Málsmeðferð og gildistaka.

#### 21. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna fráveitumála eða seyruhirðu skal koma henni á framfæri við fulltrúa sveitarfélagsins eða Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

#### 22. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmíst þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi heimildarlaga, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

23. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustu-hætti og mengunarvarnir, ákvæðum 3. mli. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og samkvæmt 10. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisráðuneytinu, 9. nóvember 2010.*

F. h. r.

**Sigurbjörg Sæmundsdóttir.**

Íris Bjargmundsdóttir.

—————  
B-deild – Útgáfud.: 26. nóvember 2010